

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 9. maí 2000.*